

1. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70, 1931, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 50 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint brot Guðmundar Ögmundssonar ber að heimfæra undir 48. gr. 1. mgr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 15. gr. 1. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70, 1931 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 30 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 2 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan kostnað sakarinnar.

Dráttur sá, er orðið hefir á þessu máli, stafar af því, að drengur sá, er fyrir slysinu varð, hefir ekki orðið heill heilsu, en þar sem ófyrirsjáanlegt er enn, hve lengi hann verður lasinn vegna slyssins, þykir ekki tiltækilegt að draga lengur dómsuppkvaðningu að því er snertir refsingar hinna kærðu.

Föstudaginn 17. maí 1935.

Nr. 153/1934. **Árni Bergsson, Magnús Guðmundsson og Steingrímur Baldvinsson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni, Þorvaldi Sigurðssyni, Sigurpáli Sigurðssyni og Þorleifi Rögnvaldssyni (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest í hæstarétti 30. jan. þ. á. var mætt í því af hálfu beggja málsaðilja og áfrýjendum þá veittur frestur í því með samþykki umboðsmanns hinna stefndu, en við næstu fyrir-

tekt málsins, 29. þ. m., mætti enginn af hálfu hinna stefndu og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Málið hefir í héraði verið rekið fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, en af skjölum málsins verður eigi séð, að nein sáttatilaun hafi farið fram fyrir réttinum og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir gestaréttinum og vísa því frá undirréttnum.

Eftir þessum úrslitum verður samkvæmt kröfu áfrýjenda að dæma stefndu til að greiða þeim in solidum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir gestaréttinum á að vera ómerk og vísast málinu frá undirréttnum.

Stefndu, Þorsteinn Þorsteinsson, Þorvaldur Sigurðsson, Sigurpáll Sigurðsson og Þorleifur Rögnvaldsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjendum, Árna Bergssyni, Magnúsi Guðmundssyni og Steingrími Baldvinssyni 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.